

Mál nr. 44/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur við Fjarðarkaup 05.11. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.02. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.02. 2013 ásamt afriti ljósmynda.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið eftir vesturhlið Fjarðarkaupa og bifreiðinni B eftir norðurhlið. Áreksturinn varð þar sem akstursleiðir bifreiðanna skerast. Samkvæmt frásögn ökumanns B steig hann á bensínjöfina í stað þess að hemla.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna vísaði til þess að ökumanni A hafi borið að veita umferð frá hægri forgang, hann beri því meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B beri hluta sakar vegna rangra viðbragða.

Vátryggingafélag A hefur ekki gert athugasemdir í máli þessu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A (málskotsaðili) hafi ekki veitt umferð frá hægri forgang. Ekki séu til staðar orsakatengsl milli viðbragða ökumanns B og árekstursins. Ósannað sé að B hafi verið ekið hraðar en eðlilegt og heimilt er. Verði ekki fallist á þá afstöðu sé eðlilegt að leggja meiri hluta sakar á M þ.e. ökumann A þar sem háttsemi hans er að öllu virtu frumástæða árekstursins.

M telur að ökumaður B eigi að bera meginábyrgð á árekstrinum, B hafi verið of langt til vinstri á bílplaninu og ekið of hratt miðað við aðstæður.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum bar ökumanni A að veita umferð frá hægri forgang, þessa gætti hann ekki og því ber hann ber meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B brást rangt við er hann auk hraða bifreiðar sinnar í stað þess að hemla. Með vísan til framanritaðs ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 26. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.